

# Starfsþroski og tvíhöfða stjórnkerfi

Af stjórnarfundum LÍ á Flúðum

STARFSÞROSKI LÆKNA og stjórnunarmódel voru aðalefni fundar stjórnar Læknafélags Íslands sem haldinn var á Hótel Flúðum þann 16. mars sl. Fundurinn hófst með erindi Óskars Reykdalssonar læknis á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi þar sem hann lýsti rekstrarformi stofnunarinnar og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á rekstri hennar að undanförunu með sameiningu allra eininga á svæðinu undir eina stofnun.

Sigurbjörn Sveinsson hóf síðan máls á umræðu um endur- og símenntun íslenskra lækna og fór yfir ýmsar þær kröfur og reglur sem gerðar eru af sérgreinafélögum og stofnunum um hvernig staðið skuli að slíku. Kom fram í máli hans að eftirlit og aðhald með þeim reglum sem til staðar eru er að ýmsu leyti áfátt og erfitt að hafa yfirsýn um hvernig þessum málum er háttað. Sagði Sigurbjörn að kröfur til lækna í dag væru mun meiri og nákvæmari en áður var og ýmislegt sem áður þótti ásættanlegt er það ekki lengur. „Sjúklingar myndu ekki setta sig við framkomu ýmissa karaktera úr lækna-stétt sem sögur fara af frá því á árum áður.“ Sagði Sigurbjörn enn fremur að umræða um símenntun lækna og tillögur um hvernig að henni skyldi staðið væru orðið mjög brýnt mál og mætti gera ráð fyrir að kröfurnar kæmu á endanum utanfrá ef læknar sjálfir kæmust ekki að ásættanlegri niðurstöðu um hvernig þessum málum skyldi háttað.

Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir hafði síðan fram-sögu um hvernig símenntun lækna er háttað í Bretlandi og setti fram þá hugmynd að íslenskir læknar fengju aukaaðild að Royal College of Medicin í London og því einingakerfi sem þar er notað til að fylgjast með og meta símenntun breskra lækna. „Þörfin fyrir endurmenntunarkerfi eykst samhliða því að kröfurnar aukast.“

Rætt var um að endurmenntunarkerfi þyrfti að fylgja einhvers konar umbun og kom fram að vilji væri fyrir að taka upp endurskoðun þess fyrirkomulags sem nú er fest í kjarasamingum lækna við ríki og sveitarfélög. „Það er sóknarfæri gagnvart viðsemjendum okkar sem hafa lýst áhuga á að endurskoða núverandi fyrirkomulag,“ sagði Sigurbjörn.

Sigurður H. Helgason stjórnunarfræðingur átti síðan síðasta orðið á fundinum með erindi sem hann nefndi *Tvíhöfða stjórnkerfi heilbrigðisþjónustunnar, hjúkrun og lækningar*. Sigurður hóf



*Stjórn LÍ hlýðir á Sigurð H. Helgason fjalla um stjórnun.*

erindi sitt með því að rekja sögulegar forsendur hinnar hefðbundnu tvískiptingar stjórnunar í heilbrigðiskerfinu og kvaðst síðan viljandi vilja ögra viðstöddum með því að setja fram tilgátur um hvers vegna læknar teldu sig sjálfskipaða til stjórnunar innan sjúkrahúsanna. Hann kvaðst vilja gera skýran greinarmun á almennri stjórnun annars vegar sem snérist um fjármál, starfsmannamál og rekstur og hinsvegar faglega stjórnun sem í mörgum tilfellum mætti fremur skilgreina sem verkstjórn.

„Það er ekki hægt að veita sjálfstæði nema ábyrgðin sé hrein og klár,“ sagði Sigurður og benti á að með tvískiptingu stjórnunarinnar væri ábyrgðin ekki skýr og gengi gegn hvorutveggja sjálfstæði og ábyrgð. „Umræðan um stjórnun heilbrigðisstofnana á Íslandi þarf að losna uppúr núverandi hjólförum og verða málefnalegri,“ sagði Sigurður. Í umræðum stjórnarmanna að loknu erindi Sigurðar kom fram sú skoðun að þrátt fyrir að læknar væru almennt sam-mála um að gera þyrfti breytingar á stjórnkerfi heilbrigðisstofnana og var þar sérstaklega vísað til Landspítala, þá væri það staðreynd að sumum kæmi betur að halda umræðunni í greipum ómálefnalegar stöðunar og hefðu meiri áhuga á persónulegum framgangi sínum og röðun í launaflokk en framtíðarlausn á rekstri stofnunarinnar.

Var gerður góður rómur að máli Sigurðar og sögðu fundarmenn að þennan fyrirlestur þyrftu fleiri læknar að heyra.



*Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir og Sigurbjörn Sveinsson.*

**Hávar  
Sigurjónsson**